

## GJALDSKRÁ

### fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg.

1. gr.

*Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum.*

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum eru eftirfarandi:

- a. 630 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 1, hámarkstími 3 klukkustundir.
- b. 230 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 2.
- c. 230 krónur á klukkustund fyrstu tvær klukkustundirnar, en 70 krónur á klukkustund eftir það, á gjaldsvæði 3.
- d. 230 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 4.

2. gr.

*Gjöld fyrir bílastæðakort íbúa í Reykjavík.*

Gjöld fyrir bílastæðakort íbúa er eftirfarandi:

Íbúakort 1:

- a. 1.450 krónur á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.
- b. 2.900 krónur á mánuði fyrir aðrar bifreiðar.

3. gr.

Gjald fyrir deilibilakort er eftirfarandi:

- a. 1.450 krónur á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni.

4. gr.

*Gildistaka og lagastoð.*

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, var samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 25. júní 2025 og á fundi borgarráðs 10. júlí 2025, tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1571/2024.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 2. september 2025.*

**Heiða Björg Hilmisdóttir.**

B deild - Útgáfudagur: 15. september 2025